



Alþingi – nefndasvið
Austurstræti 8 – 10
101 Reykjavík

Efni: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl.), Þingskjal 673 — 467. Mál lagt fram á 148. löggjafarþingi 2017–2018.

Heildarendurskoðun í stað bútasaums

Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ) leyfir sér að ítreka umsögn sem send var inn 8. mars sl. vegna breytinga á sömu lögum, með sérstakri áherslu á hve óheppilegt það er fyrir hið háa Alþingi að ekki skuli vera ráðist í heildaruppstokkun á ferli sem er í raun stíflað af kærnum og óskilvirkni. Nýtilkomnum breytingum á Evrópureglum var ætlað að einfalda og samræma matsferli skipulags og framkvæmda og tryggja almenningi aðild að skilvirku samráði. Það markmið mun ekki nást nema með heildarendurskoðun laganna þar sem skipulagsáskvarðanir og mat á umhverfisáhrifum eru gerð að einu samfelldu ferli. Vinnubrögð sem Alþingi er nú boðið upp á, og kenna má við bútasaum, eru ekki til þess fallin að bæta ástandið.

Meðal þeirra breytinga sem þingskjal 673 boðar er stytting á gildistíma stjórnvaldsáskvarðana eins og til dæmis úrskurði Skipulagsstofnunar, frá 10 árum eins og nú er. Hér leyfir VFÍ sér að lýsa yfir stuðningi við þau viðhorf sem fram koma í umsögn SA og Sambands sveitarfélaga, og sett voru fram við undirbúning þessa þingskjals.

VFÍ vill einnig leyfa sér að nota það tækifæri sem nú gefst til að gera tillögur um breytingar á lögum 106/2000, þannig að sett verði skilyrði um möguleika aðila til að kæra stjórnvaldsáskvarðanir samanber umrædd lög.

Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar:

1. Lögín breytist þannig að heimilt verði að taka upp hóflegt kærugjald þegar stjórnvaldsáskvarðanir eru kærðar
2. Sú breyting verði gerð að málskostnaðargjald verði tekið upp vegna vegna tilefnislausra kæra
3. Kærendur verði að leggja fram hóflegt tryggingargjald vegna stöðvunarkröfu
4. Aðild umhverfisverndar- og útivistarsamtaka að kærnumálum verði bundin því skilyrði að þau hafi látið sig viðkomandi mál varða á fyrstu stigum.
5. Auknar heimildir til flýtimeðferðar mála sem kærð eru og brýnir hagsmunir kærenda jafnt sem kærða eru taldir liggja undir.

Með innleiðingu ofangreindra breytinga telur VFÍ að tvö veigamikil markmið náist:

- Að betur verði vandað til kæra og umkvörtunarerinda en verið hefur hér á landi á undanförunum árum.

- Að þessar breytingar virki sem hvatning fyrir áhugasama, meðal annars umhverfissamtök, að koma á ábyrgan hátt að undirbúningi stærri eða umdeildari framkvæmda eins og til dæmis lagningu umferðarmannvirkja. Slík aðkoma er mikilvæg í lýðræðissamfélagi og verður að skoðast sem alger forsenda þess að aðilar geti lagt fram kærur á seinni stigum slíkra mála.

Verkfræðingafélagið hélt nýlega mjög vel heppnaða ráðstefnu þar sem fjallað var um þingskjal 673. Rætt var um áhrif þess, verði það samþykkt sem lög frá Alþingi, á framgangsmáta við undirbúningsferli framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Niðurstaða var að framkvæmdin væri óskilvirk eins og hún er í dag. Með innleiðingu þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru í frumvarpinu myndi sú óskilvirkni eingöngu fara vaxandi.

Auk þess hvetur VFÍ Umhverfis- og samgöngunefnd til þess að vísa málinu aftur til flutningsaðila með þeim rökum að ekki sé hægt að vera með fleiri en eitt breytingarfrumvarp í gangi í einu á einum og sömu lögunum.

Reykjavík 4. maí 2018.

Fyrir hönd stjórnar Verkfræðingafélags Íslands.



Páll Gíslason, formaður.